

Skagafjarðarveitur ehf.

Fundur 11 - 28.11. 2002

Fimmtudaginn 28. nóvember, árið 2002 kom stjórn Skagafjarðarveitna ehf. saman til fundar kl. 17 í Áhaldahúsi Skagafjarðarveitna ehf. Mættir voru stjórnarmennirnir: Árni Egilsson, Gísli Árnason, Einar Gíslason og Páll Pálsson veitustjóri. Margeir Friðriksson ritaði fundargerð.

DAGSKRÁ:

1. Samningar við Alvarr ehf. v/borunar við Kýrholt
2. Samningar við landeigendur Kýrhólts v/hitaveituf framkvæmda
3. Tillaga til byggðarráðs um vatnsgjald og aukavatnsgjald næsta árs
4. Framkvæmdir næsta árs og drög að fjárhagsáætlun
5. Starfsmannamál
6. Málefni Atvinnuþróunarfélagsins Hrings
7. Önnur mál

AFGREIÐSLUR:

1. Samningur við Alvarr ehf. vegna borunar rannsóknarholu í Kýrholti lagður fram.

Stjórnin samþykkir samninginn samhljóða.

2. Farið yfir drög að samningum við landeigendur Kýrhólts vegna hitaveituf framkvæmda.

Stjórnin samþykkir að fela veitustjóra að gera uppkast að samningi.

3. Stjórn Skagafjarðarveitna ehf. leggur til við byggðaráð að vatnsskattur fyrir árið 2003 verði eftirfarandi: Álagningarprósenta verði óbreytt þ.e. 0,15% af fasteignamati, lágmarksgjald pr. rúmmetra hækki um eina krónu og verði kr. 22,00 og hámarksgjald pr. rúmmetra hækki um eina krónu og verði kr. 26,00. Einnig er lagt til að aukavatnsgjald hækki um fimmtíu ára úr kr. 12,00 í kr. 12,50 pr. rúmmeter.

4. Veitustjóri fór yfir og kynnti áætlaðar framkvæmdir næsta árs og drög að fjárhagsáætlun.

5. Veitustjóri fór yfir starfsmannamál fyrirtækisins.

6. Málefni Atvinnuþróunarfélagsins Hrings rædd og eftirfarandi bókun lögð fram:

Á síðasta stjórnarfundum var forseta sveitarstjórnar falið að fara með umboð Skagafjarðarveitna ehf á hluthafafundi atvinnuþróunarfélagsins Hrings. Ég greiddi atkvæði á móti þessari tilhögun á fundinum og fordæmi vinnubrögðin í þessu máli.

Það var ekki kynnt fyrir stjórn Skagafjarðarveitna hvernig umrætt umboð yrði notað á fundinum en þar var greint frá því að Sveitarfélagið Skagafjörður og Skagafjarðarveitur ehf ætluðu ekki að taka þátt í áframhaldandi fjármögnun á Hring.

Á hlutafundinum kom fram að hvorki sveitarfélagið né Skagafjarðarveitur höfðu samráð við aðra hluthafa áður en þessi ákvörðun var tekin en hún mun leiða til þess að starfsemi atvinnuþróunarfélagsins Hrings verði hætt.

Ég tel að þarna hafi verið tekin röng ákvörðun og harma það að ekki skuli vera meiri metnaður af hendi meirihluta sveitastjórnar og af hálfu Skagafjarðarveitna ehf varðandi atvinnuþróun í Skagafirði. Atvinnuþróunarfélagið Hringur var byggt á samstarfi sveitarfélagsinsins, fyrirtækja og einstaklinga og er að mínu áliti það rekstrarform sem er hvað vænlegast til að ná árangri í atvinnuþróunarmálum í Skagafirði.

Verði stjórn Skagafjarðarveitna ehf ekki treyst til þess í framtíðinni að fara með umboð veitnanna í málum sem þessum mun ég endurskoða setu mína í stjórninni. Einar Gíslason?

7. Önnur mál.

- a) Lagt fram bréf frá Félagsheimilinu Bifröst, dagsett 27. nóvember 2002, þar sem óskað er eftir niðurfellingu á hluta á skuld við Skagafjarðarveitur ehf. Stjórnin samþykkir að fella niður helminginn af þremur síðustu reikningum og veitustjóra falið að ganga frá málinu.
- b) Veitustjóri kynnti niðurstöður verðkönnunar Neytendasamtakanna á rafmagni og heitu vatni.
- c) Veitustjóri kynnti tillögu að nýju merki Skagafjarðarveitna ehf.

Fleira var ekki á dagskrá. Fundargerðin lesin upp og samþykkt og fundi slitið kl. 1915